

stólum, og kveðst aldrei hafa minnst á eða heimtað að fá peninga eða aðra borgun fyrir meðöl þau, er hann hafi útilátid; að eins hafi hann hjá sumum fengið þóknun fyrir fyrirhöfn sína, svo sem tímatafir frá annari vinnu og fyrir umbúðir um meðölin, en mörgum hafi hann alveg gefið einnig þetta. —

Samkvæmt þessum framburði kærða, sem eigi kemur í bága við annað það, er fram er komið í málinu, og þessvegna engin ástæða virðist vera til að rengja, fær yfirdómurinn eigi sjöð, að hinn ákærði hafi brotið gegn banninu í tilskipun 4. desbr. 1672 móti ólöglegri lyfjasölu, og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm og einnig að því málskostnað snertir. Kostnaðurinn af áfrýjun málsins, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða sóknara og svaramanns við yfirdóminn, 10 kr. til hvors, ber að greiða af almanna fje.

Rekstur málsins í hjerði og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum hefur verið lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði dómur skal óraskaður standa. Kostnaðurinn af áfrýjun málsins, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, málaflutningsmannanna Franz Siemssens og Sigurðar Þórðarsonar, 10 kr. til hvors þeirra, greiðist af almanna fje.

Nr. 8/1886

Rjettvísni
gegn

Gunnari Sveinssyni.

D ó m u r :

Með dómi, gengnum í aukarjetti Norðurmúlasýslu 21. okt. f. á., var ákærði Gunnar Sveinsson í sakamáli, höfðuðu gegn honum að boði amtmannsins yfir norður- og austuramtinu fyrir rangar sakargiptir og kærur, dæmdur samkvæmt 227. gr. hinna almennu hegningarlaga til 1 árs betrunarhússvinnu og til að greiða allan af málinu gegn honum löglega leiðandi kostnað, þar á meðal 6 kr. í málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns síns í hjeraði; en dómi þessum hefur síðan af nefndum amtmanni verið áfrýjað til yfirdómsins.

Mál þetta er svo til komið, að ákærði, Gunnar Sveinsson, þá 25 ára að aldri, var trúlofaður stúlku í Fljótsdal á næsta bæ við sig; en eptir nýjár 1885 var hann við barnakennslu á bæ einum á Jökuldal, og felldi þar hug til annarar stúlku, og til þess, að hans áliti, með sem hægustu móti að losast við hina fyrverandi unnustu sína, sem var þunguð af hans völdum, og líklega jafnframt til þess í augum annara manna að afsaka heitbrygði sín við hana, og verja sig fyrir álassi af hendi bróður hennar, skrifaði hann brjef til síns sjálfs undir nafni þessa bróður hennar, þar sem hann, sem er albróðir þessarar systur, játar, að hann hafi haft líkamlegt samræði við hana, og biður því ákærða að taka systirina að sjer. Þetta brjef sýndi ákærði fyrst þáverandi sóknarprestum sínum, hvorum fyrir sig, einslega, og síðan nefndum bróður unnustu sinnar og öðrum manni, sem þá var við staddur, eptir áskorun bróðursins. Og loks lagði hann brjefið fram á sáttafundi, er haldinn var

á Valbjófsstað í privat máli, er hann höfðaði gegn bróðurnum, að því sjeð verður, útaf óhróðri, er hann (bróðirinn) átti að hafa á ákærða borið, og ætlaði ákærði að byggja á brjefinu sókn sína, og færði brjefið sem ástæðu fyrir því, að hann hafði sagt systir innkallaða upp. Á sáttafundinum afhenti ákærði sáttanefndinni brjefið, og var framlegging þess svo tilkynnt hreppstjóra, en hann skýrði hlutaðeigandi sýslumanni frá, og hóf þá sýslumaður þegar í stað rannsókn út af því. Meðan á rannsókn málsins stóð hjelt ákærði því fast fram, að hann hefði fengið hið framlagða brjef frá bróður hinnar fyrverandi unnustu sinnar, og að brjefið hefði verið ástæðan til þess, að hann sagði systir hans upp, og til þess að styrkja mál sitt frekara, skrifaði hann eptir að rannsóknin var hafin, nýtt brjef með nafni sama manns undir og stílað til sín, líks innihalds og hið fyrra brjefið, og laumaði hann brjefi þessu á næturþeli inn í bæ þann, þar sem systkynin áttu heima, sem hann hafði fyrir rangri sök, og þar fannst það brjef síðar og var afhent sýslumanni. Loksins, eptir að hinn ákærði hafði verið hafður fastur um tíma, játaði hann, að hann hefði sjálfur skrifað bæði hin áminnstu brjef undir nafni bróður fyrverandi unnustu sinnar, en hann kvaðst eigi hafa ætlað sjer með því, að steypa þeim systkynum í neina ógæfu, en hafi aðeins haldið, að hann með því að hræða bróðirinn með brjefinu gæti auðveldar orðið leystur frá heitorði við systir hans, því hann hafi þá verið búinn að hnegja hug til annarar stúlku.

Þetta afbrot hins ákærða, sem er kominn yfir lögaldur sakamanna og ekki áður hefur verið hegnt

fyrir neitt afbrot, á undir 226. gr. hinna almennu hegningarlaga, og virðist hegning sú, er hann hefur til unnið, hæfilega metin 6×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Að því til málskostnaðar í hjerði kemur og varnarlaun talsmanns ákærða þar, fellst yfirdómurinn á ákvæði hjerðsdómsins. Ákærða ber að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra. —

Rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði, Gunnar Sveinsson, á að sæta fangelsi við vatn og brauð í 6×5 daga. Um málskostnað í hjerði og varnarlaun hins skipaða talsmanns þar, skal hjerðsdómnum óraskað. Svo greiði hinn ákærði allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málfutningsmannanna Sigurðar Þórðarsonar og Franz Siemsens, 10 kr. til hvors þeirra. —

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 7/1886

Sveinn Gestsson
gegn
Bjarna Sigurðssyni.